



Skólanámskrá Leikskólinn Vallarsel




Læsi og samskipti

Meginmarkmið læsis er að börnin séu virkir þátttakendur í að búa til sína eigin merkingu í umhverfið og bregðist við á persónulegan og skapandi hátt við því sem þau lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. Sem fyrr skiptir það miklu máli að börn nái tökum á tiltekinni lestrar- og ritunartækni en athyglin beinist nú jafnframt að allri þeirri tækni sem þau geta notað í samskiptum, námi og merkingarsköpun – í þágu sjálf síns og samfélagsins.

Unnið er samkvæmt Læsisstefnu leikskóla Akraness.

<https://www.akranes.is/static/files/4.Skoli/leikskolar/laesisstefna-leikskolar-1-.pdf>



Markmið læsi og samskipta

Að efla færni barna í að taka þátt í almennum samræðum.

Að efla hlustun og tjáningu.

Að efla tilfinningu fyrir ritmáli og táknum.


Að börnin nái góðu valdi á íslenskri tungu.

Að efla hæfni barna til jákvæðra og uppbyggilegra samskipta við aðra í daglegu starfi.

Að börnin læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Að efla sjálfstæði barna og sjálfsmynd.

Að efla félagslega færni í leik og starfi.



Leiðir

Að hafa leikinn í fyrirrúmi, félagslegan leik, hlutverkaleik, regluleik og fl.

Að tengja málörvun við allar daglegar athafnir og hafa í huga virka hlustun, máltjáningu og orðaforða. Setja orð á hluti og athafnir.

Að vinna markvisst með Lubbi finnur málbein þar sem áhersla er lögð á íslensku málhljóðin og tákn þeirra.

Að vinna með Vináttuverkefni Barnaheilla-Blær. Lífsleikni er hluti af læsi og samskiptanámi barnanna. Lífsleikni byggist á alhliða þroska barna, færni þeirra til samskipta, rökrænnar tjáningar og virðingu fyrir umhverfi sínu.

Að hafa ritmálið sýnilegt á deildum.

Nota TMT.

Að nota myndrænt skipulag á deildum, fataherbergjum, við matarborð, á wc o.fl.

Að hafa mál- og læsisörvandi efnivið aðgengilegan á leiksvæðum.

Að lesa fyrir börnin daglega, hafa bækur aðgengilegar og að lestrarefni sé við hæfi. Bókasafnsferðir, hlusta á upplestur og fleira.



Heilbrigði og vellíðan

Heilbrigði og vellíðan byggir á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan án tillits til félagslegrar stöðu.

Það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og andlegri vellíðan enda verja börn og ungmenni stórum hluta dagsins í skóla.

Veita þarf fræðslu um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar.



Markmið heilsu og vellíðan

Að stuðla að heilsusamlegu fæðuvali með fræðslu og góðu framboði á fjölbreyttum mat.

Að gefa nægan tíma til að nærast.

Að veita börnum tækifæri til hvíldar og slökunar.

Að efla sjálfsmynd barna.

Að skapa tækifæri til daglegrar hreyfingar.

Að efla færni barna í daglegri og persónulegri umhirðu.



Leiðir

Þjóða upp á ávaxtastundir.

Stuðla að tannvernd með tannverndarviku/heimsókn á tannlæknastofu.

Þjóða upp á hreyfileiki bæði inni og úti.

Slökun; hlusta á sögu, tónlist og hvíld eða svefn. Viðhafa ró á matartímum, hávaðamæling, loka á milli rýma.

Nota markvisst hrós og virka hlustun.

Fara í gönguferðir/vettvangsferðir með ákveðin markmið í huga

Kenna börnum almennt hreinlæti og leiðbeina þeim í matartíma, í fataherbergi, í leik og með salernisferðir.

Að börnin taki þátt í tiltekt á því sem þau voru að leika með.

Að börnin leggi á borð, læri að borða með hnífapörum og viðhafi almenna borðsiði.

Nota matmálstíma í notalegt spjall.

Snerting og umhyggja. Viðhafa hlýlegt andrúmsloft á deildinni



Sköpun og menning

Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður.

Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Sköpun brýtur hefðbundin mynstur, reglur og kerfi og veitir nýja sýn á fyrirbæri og viðteknar hugmyndir.

Sköpun byggir á gagnrýnni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins.

Í sköpun felst einnig hagnýting hugmynda. Vinnubrögð í listsköpun og vísindum einkennast oft af sköpunargleði, frumkvæði og frumleika. Þannig vinnubrögð er gott að sjá í öllu námi og skólastarfi.



Markmið sköpunar og menningar

Að tónlist sé daglegur hluti af lífi, leik og námi.

Að börnin njóti sín í tónlistarstarfi.

Að skapandi starf beinist að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín.

Að tækifæri séu gefin til að kynnst íslenskum hefðum og hátíðum.

Að efla fræðslu um menningu annarra þjóða ásamt okkar.

Að skapa aðstæður fyrir skapandi leik sem hefur ótakmarkaða möguleika.



Leiðir

Að börnin fái að hafa meira val um efnivið og hvernig unnið sé með hann.

Að bjóða upp á opinn efnivið.

Halda fast í íslenskar hefðir.

Markviss vinna með tónlist, hljóðfæravinnu, söngtexta, þulur og hreyfisöngva.

Fræðast um uppruna barna af erlendu bergi brotnu sem eru í leikskólanum okkar.

Að auka áhrif barna í skapandi starfi í listasmiðjunni, þ.e. minni stýring.

Vettvangsferðir í söfn, bókasöfn, tónleika og kenna þeim þar viðeigandi hegðun og að njóta þess sem boðið er upp á.

Hljóðfæravinna og söngur

Fá leikhópa í leikskólann, setja sjálf upp leiksýningar og æfa okkur að koma fram fyrir aðra.

Sjálfbærni og vísindi

Sjálfbærni snýst um að hugsa um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Sjálfbærni er þátttaka í lífinu sjálfu.

Sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tókum við því og við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum.





Markmið sjálfbærni og vísinda

Að efla tækifæri barna til að rannsaka og uppgötva.

Að auka virðingu barna fyrir lífríki jarðar og nýtingu náttúrunnar.

Að auka skilning barna á umhverfi sínu.

Að börnin upplifi merkingarbæra reynslu.

Að vekja börnin til umhugsunar um ýmis málefni sem tengjast umhverfi og náttúru.

Að efla tækifæri barna til að nýta sér tæknina til að gera starfið sýnilegt.

Leiðir

Horfa, hlusta, rannsaka og bera saman.

Leikur í umhverfinu, snerta, hanna og kanna.

Nota efnivið úr umhverfinu.

Hrósa, leyfa börnunum að gera sjálf “learning by doing”.

Vettvangsferðir/gönguferðir um nánasta umhverfi.

Heimspékilegar umræður og fræðsla um umhverfið, orsök og afleiðing.

Kenna börnum að telja (perlur-hnífapör-í vali-spil-ýmis önnur verkefni).

Ruslatínsla á Degi náttúrunnar og Alþjóða umhverfis dagsins, ganga snyrtilega um.

Taka ljósmyndir í starfinu og setja á heimasíðuna, sýn barnanna á umhverfi sitt.

Tölvuleikir í stýrðu umhverfi.

Flokkarnir og endurvinnsla á sorpi sem fer fram á deildum og þátttaka barnanna í því ferli.

Gróðursetning kartöflur og fræ.

Stærðfræði; leika með Einingakubba og fleira.

Veðurathuganir; veðurfræðingur, veðurdagbók

Börnin fá hlutverk; passa upp á að spara rafmagn, flokka, vera þjónn (ávaxtaþjónn og þjónn við hádegisverð), ýmis eftirlitsstörf og ábyrgðarstörf.





Lýðræði og mannréttindi

Á síðustu árum hefur fjöldi tvítyngdra barna aukist mikið í Vallarseli og virðist lítið lát á. Mikilvægt er að haga daglegu starfi þannig að það henti öllum börnum. Öll börn eru einstök, með sinn persónuleika og einkenni. Við í Vallarseli viljum fagna fjölbreytileika barnanna og horfa á hvað hvert og eitt barn hefur fram að færa.

Vallarsel vinnur í anda skóla án aðgreiningar og byggist sú stefna á hugmyndum um skólann sem samfélag þar sem eining, samhugur og samvinna ríkir. Þar er virðing borin fyrir einstaklingnum og fjölbreytileikanum innan hópsins. Hún byggist á samfélagi þar sem fjölbreytileikanum er fagnað og er mikilvægur liður í að raddir allra heyrist í lýðræðisþjóðfélagi (Sapon-Shevin, 2007). Kenna þarf börnum fjölmennningarlega ábyrgð en mikilvægt er að bera virðingu fyrir þeirri menningu sem er í kringum barnið og hvað sú menning færir þeim út í námið. Öll börn eiga það sameiginlegt að vilja athygli, ást, sjálfstæði og vera hluti af samfélaginu (Hill og Davis, 1999). Mikilvægt er að horfa á fjölbreytileikann meðal barnahópsins sem tækifæri til öflugra skólastarfs þar sem allir taka þátt á eigin forsendum, hafa jafnan rétt til náms og njóta virðingar hvers annars. Aðalnámskráin (2011) segir enn fremur að lýðræðislegt leikskólastarf byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Þar eiga börn að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti. Lítið er á börn sem virka borgara og þátttakendur þar sem hver og einn fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt.



Markmið lýðræðis og mannréttinda

Að læra lýðræðislega starfshætti, þ.e. að kunna að athafna sig á lýðræðislegan hátt.

Að læra að lifa í lýðræðislegum samskiptum við aðra, tileinka sér lýðræðislegar lífs- og starfsvenjur.

Að taka þátt í mótun lýðræðislegra samfélagshátta og samfélagsgerðar.

Leiðir

- Börnin skulu hafa tækifæri til að taka þátt í áætlanagerð, ákvörðunum og mati
- Börnin þurfa að finna að þau hafi eitthvað um hlutina að segja, að tekið sé mark á þeim.
- Settar eru fram reglur í leikskólanum sem eiga að gilda fyrir allan barnahópinn og mikilvægt er að útskýra fyrir þeim hver tilgangur þessara reglna er
- Að koma fram í leikskólanum, standa frammi fyrir hópnum og láta rödd sína hljóma eru í raun að nýta lýðræði sitt.
- Hluti af lýðræðismenntun barnanna er líðankönnun sem er lögð fyrir elsta árganginn að vori fyrir upphaf grunnskólagöngu
- Í hverjum mánuði fær ein deild að velja hvað verður í matinn einn dag fyrir allan skólann. Þá eru myndir af þeim mat sem er í boði og börnin velja hvaða mat þau vilja og svo er meirihlutinn sem ræður.





Jafnrétti

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) skal fara fram jafnréttismenntun í leikskólum. Menntun til jafnréttis skal fjalla um hvernig aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menntun, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni eða þjóðerni geta skapað mismun eða forréttindi í lífi fólks

Skólum ber að starfa í anda skóla án aðgreiningar sem byggir á hugmyndum um skólann sem samfélag þar sem eining, samhugur og samvinna ríkir. Þar sem virðing er borin fyrir einstaklingnum og fjölbreytileikanum innan hópsins.

- að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum
- að rækta hæfileika sína
- að lifa lífa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis.

Markmið jafnréttis

að auka aðgengi foreldra tvítyngdra barna í Vallarseli að upplýsingum og öðru sem snýr að leikskólastarfinu.

að auka skilning og víðsýni starfsmanna á menningarlegum fjölbreytileika.

að virða alla foreldra sem uppalendur og sérfræðinga um sitt barn. að virða menningu barna og foreldra og sjá tækifærin í margbreytileikanum.

að vinna markvisst að því að auðvelda tvítyngdum börnum að aðlagast íslenskri tungu og menningu.

að allir hafi sömu möguleika á námi og í samskiptum.

að horfa á fjölbreytileikann sem tækifæri til öflugs skólastarfs þar sem allir fá að taka þátt á eigin forsendum og hafi jafnan rétt til náms og njóti virðingar.





Leiðir

- Við erum meðvituð um jafnan rétt barna óháð kyni, menningu, litarhætti, fötlun eða trúarbrögðum
- Allir eru virkir þátttakendur í því að skapa samfélag þar sem ríkir jöfnuður, jafnrétti og réttlæti
- Við veitum drengjum og stúlkum frelsi til að gera allt jöfnum höndum og virðum einstaklingsbundinn áhuga þeirra á viðfangsefnum sem í boði eru.
- Leiksvæði eru aðgengileg fyrir alla.

Tvítýngi og fjölmennning


Um það bil 10% barna í Vallarseli eru tvítýngd börn og lítum við á fjölbreytileikann sem verkefni og tækifæri fremur en hindrun. Það er langtímaverkefni fyrir börn að læra íslensku sem annað mál og þau þurfa markvissa kennslu og aðstoð við það.

Vallarsel reynir í daglegu starfi að koma til móts við þarfir allra barna. Mikilvægt er að umhverfi barnanna sé hvetjandi og myndrænt. Börnum er kennd íslenska í gegnum samskipti og leik. Umhverfið og aðgerðir eru gerðar auðveldari með myndrænum skýringum og Tákn með tali.

Við leggjum áherslu á örvun og kennslu í barnahópnum. Þau læra tungumálið í samhengi við athafnir og samskipti þar sem orð eru sett á hluti, athafnir og reynslu jafnóðum. Mikilvægt er að þau hafi málfyrirmyndir, bæði í barna- og starfsmannahópnum.



Leiðir til eflingar málþroska tvítyngdra barna



- Að spila málörvandi og málhvetjandi spil og verkefni.
- Að fara í leiki sem gera kröfu á að börnin tjái sig.
- Að tala í stuttum og skýrum setningum og endurtaka oft.
- Að setja orð á athafnir.
- Að taka barnið reglulega í fangið og skoða með því myndabækur með einföldum og skýrum myndum.
- Að vera í leik með barninu, t.d hlutverkaleik, búðarleik, afmælisleik ofl.
- Að nota áþreifanlega hluti s.s. sækja fötin þeirra í forstofuna, ná í áhöld í eldhúsið, hiti, kuldi.
- Hafa í huga Learning by doing- að þau læra með því að gera, snerta og vinna.
- Vera viss um að barnið sjái andlit þess sem það talar við, að það sé augnsamband til staðar.
- Að hlusta á barnið og bregðast við leik þess að málinu.
- Að leika við barnið og nota leiki sem gera ráð fyrir að þið skiptist á
- Að sýna barninu myndir og hluti þegar talað er við það svo að það geti tengt saman orð og hluti/myndir.
- Nota endurtekningu og eftirhermu í ríku mæli.
- Hvettu foreldra tvítyngdra barna til að tala móðurmál sitt heima fyrir og lesa fyrir börnin sín daglega.
- Lærum orð og orðasambönd, rímur og sönglög á móðurmáli barnsins.



Leiðir til eflingar málþroska tvítyngdra barna

- Sjá barninu fyrir góðum málfyrirmyndum.
- Skapa aðstæður fyrir samtöl um það sem verið er að gera hverju sinni um einstök viðfangsefni og hluti.
- Hvetjum barnið til að segja ákveðin orð.
- Látum barnið hafa harðspjaldabækur og tímarit til að skoða.
- Lesum fyrir barnið og segjum því sögu á hverjum degi.
- Kennum barninu einföld sönglög og þulur.
- Gefum barninu næga líkamlega nálægð og snertingu.
- Sjáum til þess að barnið finni gleði í leik með tungumálið
- Skipuleggjum hópavinnu fyrir barnið í litlum hópi með einu til þremur öðrum börnum.
- Fáum eins mikla aðstoð hjá tvítyngdu starfsfólki og foreldrum og hægt er að koma við.
- Setjum upp sjónrænt skipulag svo dagurinn verði skiljanlegri og fyrirsjáanlegri fyrir börnin:



Fjölmennning

Áhersla er lögð á

- Að þörfum barna sé mætt á þeirra forsendum í námi, starfi og leik
- Að börnin nái að þroskast á eigin forsendum
- Að börnin geri ræktað hæfileika sína og lifað ábyrgu lífi

Í leikskólanum Vallarseli er borin virðing fyrir einstaklingnum og fjölbreytileikanum innan hópsins.

Öll börn eru einstök, með sinn persónuleika og einkenni.

Við viljum fagna fjölbreytileika barnanna og horfa á hvað hvert og eitt barn hefur fram að færa.



„Sigurvegarar gera ekki
framúrskarandi hluti.
Þeir gera venjulega hluti
framúrskarandi vel“

Höfundur ókunnur